

## Svar

**félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Helgu Völu Helgadóttur  
um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þegar foreldri sætir nálgunarbanni.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar umsóknir hafa borist Fæðingarorlofssjóði um rétt til yfirfærslu á nýtingu fæðingarorlofs ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu eða hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili, sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, frá gildistöku laganna?*
2. *Hversu margar umsóknir skv. 3. mgr. 9. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, hafa verið samþykktar frá gildistöku laganna?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur engin umsókn borist stofnuninni um yfirfærslu á rétti foreldris til fæðingarorlofs til hins foreldrisins á grundvelli 3. mgr. 9. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, frá því að lögin tóku gildi hinn 1. janúar 2021. Í ljósi þess hafa engar umsóknir um yfirfærslu á rétti foreldris til fæðingarorlofs til hins foreldrisins á grundvelli 3. mgr. 9. gr. fyrrnefndra laga verið samþykktar af hálfu Vinnumálastofnunar frá gildistöku laganna.